



# Flugslysaæfing Gjögurflugvelli Apríl og ágúst 2024 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum  
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

## Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið .....	2
1.1	Markmið .....	2
2	Undirbúningur og framkvæmd.....	3
2.1	Fimmtudagur 29. Ágúst.....	3
2.2	Föstudagur 30. ágúst.....	3
2.3	Laugardagur 31. ágúst.....	4
2.4	Æfingastjórn .....	5
2.5	Ráðgjafar .....	5
2.6	Þátttaka .....	5
2.7	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd .....	6
2.8	Veður .....	6
2.9	Vettvangur.....	6
3	Rýni.....	7
3.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur .....	7
3.2	Vettvangsrýni ráðgjafa .....	8
3.2.1	Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa .....	11
3.3	Rafræn rýni – allir þátttakendur .....	12
3.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni .....	12
3.3.2	Það sem vel var gert .....	12
3.3.3	Það sem betur hefði mátt fara .....	13
4	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	15
4.1	Styrkur .....	15
4.2	Umbótatækifæri.....	15
5	Myndir frá æfingunni.....	16

# 1 Inngangur og markmið

Það að halda flugslysaæfingar á smæstu áætlunarflugvöllum landsins getur verið mjög vandasamt enda margt sem þarf að spila þar með svo að æfingu geti orðið. Það sem getur haft áhrif er m.a. sauðburður, réttir, hátíðardagar, viðvera þeirra sem munu taka þátt í æfingunni og síðast en ekki síst veðrið.

Upphaflega stóð til að hafa æfinguna þann 20. apríl, undirbúningur hafði staðið í nokkurn tíma og búið var að setja niður metnaðarfulla dagskrá í kringum æfinguna. Í aðdraganda er fjarfræðsla og síðan tekur við fræðsla á staðnum ásamt æfingunni en sökum veðurs og hvort það næðist að moka þá var tvíbent alveg fram að ferðatíma norður á strandir hvort við gætum sett upp æfinguna. Enda óvenju snjópungt og ef aðilar næðu á annað borð að komast til Gjögur væri alls óvíst hvor hægt yrði að komast þaðan í bráð.

Þessu eru ábúendur vanir á svæðinu og má þakka einstaka þolinmæði þeirra varðandi hvort við næðum að koma eða ekki og afskaplega ánægjulegt að finna velvild og áhuga fólks að reyna að ná æfingunni í gegn á þessum tíma. Svo fór að veðrið setti stórt strik og æfingunni var fresta fram í lok ágúst. Sem var alveg ágætt því á laugardeginum féll snjóflóð sem lokaði leiðinni að nýju og því alls ekki víst að þau hefðu haft þolinmæði fyrir ráðgjafateyminu fram á vorið.

Í lok ágúst var æfingin síðan haldin, áhuginn mikill hjá heimafólki og þeir sem voru á svæðinu tóku flestir þátt ásamt viðbragðsaðilum. Áskorun var að finna leikara en fjölskyldutengsl leiddu af sér fjóra leikara sem tengdust Vígenesi og komu sérstaka ferð á Strandir til að sinna því hlutverki.

Fyrir hönd æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir

## 1.1 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.

Undirmarkmið æfingar eru síðan sett með aðstoð viðbragðsaðila á svæðinu til að þjálfa ákveðna þætti sem aðilar vilja prófa hverju sinni eða breyta í sínum verkferlum.

## 2 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur hófst snemma í janúar þegar að dagsetningar æfinga vorsins voru settar niður með almannavörnum og lögreglustjórum í héraði. Í framhaldinu er haldinn fundur með viðbragðsaðilum og heimafólki til að leggja drög að áherslum æfingar og meta fræðsluþörf eða annan stuðning sem aðilar telja þurfa á sínu svæði.

Fundur var með viðbragðsaðilum og heimafólki þann 25. mars. Fín mæting var á fundinn og ljóst að mikill áhugi var að taka þátt í æfingunni sem og vera með fræðslu fyrir svæðið.

Í kjölfarið var unnið að dagskrá æfingadagana. Í fyrstu var fjarfræðsla í boði sem var vel sótt og síðan átti að taka við staðfræðsla og æfing. Svo fór að frekari fræðsla og æfingin sjálf frestuðust fram á síðsumar og var lokahnykkur æfingar því í lok ágúst.

# Dagskrá Gjögur 2024

## Lok mars

Fjarfræðsla fyrir Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda um flugvélavettvang og eld í flugvélum.

### Þriðjudagur 16. Apríl - Fjarfræðsla

19:00-19:30	<b>Bráðaflokkun - Fjarfræðsla</b> - fyrir alla viðbragðsaðila • Fræðsla fyrir alla sem koma að bráðaflokkun og umönnun slasaðra.	LSH
19:30-19:50	<b>Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla</b> fyrir allar viðbragðseiningar. • Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.	RKÍ
19:50-20:20	<b>Umgengni við þylur – Fjarfræðsla</b> fyrir allar viðbragðseiningar.	LHG
20:30-21:00	<b>Fjarskipti/tetra fyrir allar viðbragðseiningar – Fjarfræðsla</b>	112
21.00-21.45	<b>Vettvangsstjórn og stjórnkerfið – Fjarfræðsla</b>	AVD

### 2.1 Fimmtudagur 29. Ágúst

Boðunarprófun var framkvæmd af 112 með venjubundnum hætti.

Gerðar voru lagfæringar á boðunarlistum fyrir íbúa svæðisins og farið yfir viðbragðseiningar.

**10:00** **Boðunarprófun** – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Gjögur flugvelli. Auk þess eiga allir gsm-símar á svæðinu að fá boðin. Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.  
**Flestir ráðgjafar koma á Gjögur seinnipart fimmtudags eða á föstudegi**

### 2.2 Föstudagur 30. ágúst

Á föstudag var ýmis undirbúningsvinna í gangi fyrir æfinguna. Vettvangur var settur upp. Farið yfir verklista mismunandi aðila, fræðsla var á Hólmavík fyrir Heilbrigðisstarfsfólk og síðar um kvöldið var

vel mætt í félagsheimilið í skyndihjálparfræðslu og æfingar, auk fræðslu um ýmislegt er tengist hópslysum og að búa í afskekktum byggðum.

**Flugvöllur/Æfingastjórn og ráðgjafar**

Ráðgjafar sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf  
Uppsetning vettvangs

**Dagtími**      **Fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk - Heilsugæslan Hólmavík (annað hvort fim. eða fös.)**  
Hlutverk aðhlynningarstjóra og tengingar innan SÁBF  
Trauma/Bruni  
Talstöðvar

**16:30-21:00 Félagshimilið / Allir þátttakendur**

**Skyndihjálparfræðsla – áhersla á verklega kennslu**

**Bráðaflokkun**

Fólk er hvatt til að kynna sér ókeypis skyndihjálparnámskeið á netinu frá Rauða krossinum fyrir viðburðinn <https://skyndihjalp.is/>

- *19:30 Smá kvöldverðarhressing*

**Hópslysaæfingar**

**Áskoranir í litlu samfélagi og hvar eru næstu bjargir og búnaður**

**Fluglysaáætlun fyrir Gjögur og endurbætur**

**Praktísk atriði í tengslum við æfinguna**

**2.3 Laugardagur 31. ágúst**

Fræðsla hélt áfram á laugardagsmorgni í félagsheimilinu þar sem ýmislegt var rætt og boðið upp á verklegar æfingar. Að loknum hádegisverði var komið að æfingunni sjálfri þar sem viðbrögð við fluglysi voru æfð.

**09:30-12:00 Fræðsla í Félagshimili / Allir þátttakendur**

**Vettvangsstjórn og stjórnkerfið SÁBF – Fræðsla og skrifborðsæfingar**      *AVD*

**Fjarskipti / tetra fyrir allar viðbragðseiningar**      *112*

**Eldvarnir og slökkvitækjanotkun**      *Isavia*

**Umgengni við þyrlur**      *LHG*

**11:30 Förfun leikara – Félagshimili – Leikarar mæta** (ath. geta tekið þátt í annarri dagskrá)

**12:00 Súpa og brauð fyrir alla þátttakendur í félagsheimilinu**

**13:15 Fluglysaæfing hefst – Flugvöllur/Allir þátttakendur**

Að lokinni æfingu er gengið frá búnaði og aðilar taka saman punkta fyrir rýnifund.

**14:30 Rýnifundur fyrir alla þátttakendur á flugvöllinum**

## 2.4 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluþyriföldum á svæðinu. Einnig nýtur æfingastjórn liðsinnis aðila frá heimasvæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Þórný Þórðardóttir	Almannavarnir

## 2.5 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason	Isavia – Vettvangur/stjórnandi
Ráðgjafi	Veigar Guðbjörnsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Björgvin S. Björgvinsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þorlákur S. Helgason	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Atli Gunnarsson	Almannavarnir
Ráðgjafi	Helgi Reynisson	Neyðarlínan
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Einar Strand	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Bjarni Kristófer Kristjánsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Leikarar	Vigdís Björk Agnarsdóttir	Umsjón leikara

## 2.6 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á verklegu æfingunni. Athugið að um áætlaðar tölur eru frá einingum enda ekki talið á æfingunni sjálfri þó reynt sé að fylgja eftir ca. mætingu.

Þátttaka í flugslysæfingu laugardaginn 31. ágúst 2024		
		Fjöldi fólks
Stjórnstöð	Samhæfingarstöðin	5
Stjórnstöð	AST Isafirði	5
Vettvangur	Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
Vettvangur	Landhelgisgæslan (þyrli/skip)	0
Vettvangur	Isavia Gjögur	2
Vettvangur	Norlandair	
Vettvangur	Lögreglan	1
Vettvangur	Heilsugæslan á Hólmavík	0
Vettvangur	Slökkvilið Strandabyggðar (Hólmavík)	2
Vettvangur	Björgunarsveitin Strandasól	6
Vettvangur	Björgunarsveitin Dagrenning Hólmavík	0
Vettvangur	Björgunarsveitin Björg Dranganesi	0
Vettvangur	Björgunarsveitin Strönd - Björgunarskip	0
Vettvangur	Slökkvilið Hólmavíkur	0
Vettvangur	Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 8	0
Vettvangur	RKÍ Strandasýslu	0
Vettvangur	Íbúar á svæðinu	7
	alls	18
	Gestir	5
	Leikarar	4
	Ráðgjafar	12
	alls	21
	Alls á vettvangi	39
	ALLS (m/ SST og AST)	
	Allir	49

## 2.7 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Vél frá Flugfélaginu Fly No More hlekkist á við landingu og brotlendir utan við flugbraut. Eldar loga og þolendur dreifðir um vettvang.

## 2.8 Veður

Veður á æfingardag var milt og gott. Búið var að vera rigningardagar vikurnar á undan og aurfljóð á vegi en dagana fyrir æfingu stytta upp og vegir hreinsaðir.

## 2.9 Vettvangur

Vettvangur var fyrir utan flugbrautina, þar eldar loguðu á tveimur stöðum og bifreið var flugvélarbrak.



### 3 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



#### 3.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í vélasalnum á Flugvelli á Gjögur þar sem farið var yfir helstu punkta. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti.

- Þegar komið er á vettvang, leggja bílum til hliðar, hafa fría flugbraut.
- Huga að því að þurfa ekki að bakka á slysstað.
- Setja teppi á alla þolendur.
- Látnir/svartir eru látnir vera á slysstað vegna rannsóknarhagsmuna.
- Upplýsingamiðlun frá turni mjög skýr og gott að upplýsa hvað viðkomandi sér. Hverjir eru að koma, staðan o.s.frv.
- Aðhlyning sinnt inni í flugstöð en grunnaðhlyning veitt á vettvangi.
- Mikilvægt að einhver taki stjórn og hafi yfirsýn á slysstað.
- Gott að láta björgunarsveitaraðila keyra sjúkrabíl, og nýta frekar sjúkraflutningafólk í aðhlyningu.
- Muna eftir að tryggja eigið öryggi, nota hlífðarhanska auk annars öryggisbúnaðar eftir þörfum.
- Ekki hlaupa á vettvangi (eykur slyshættu) frekar ganga rösklega.
- Hólmavík 1 klst. í burtu, þurfa að sinna aðhlyningu þar til aðstoð berst.
- VST virkjað seint (aðili lengi á staðinn), einhver þarf að taka stjórn í millitíðinni.
- Spurning að aðhlyningarstjóri þurfi ekki að vera líka með blár X-5, nær ekki að sinna tveimur talstöðvum og erfitt að endurtaka. Huga að því í SST að stundum er ekki nægur fjöldi tetrastöðva á staðnum.
- Flott að verið var að sinna öllum, gott hvernig var einnig verið að upplýsa þolendur og sýna þeim stuðning með nærveru, enginn var látinn vera einn.
- Krefjandi æfing fyrir flugvallarstarfsmann, æfa þarf oftast verklega slökkviþáttinn.

- Fljótt verið að tæma vatnsbirgðir og mjög tímafrekt að fylla bíl að nýju. Fara þarf reglulega fyrir síur og annað, var stíflað þegar átti að fylla, núna tekur um klst. að fylla bíl að nýju þar sem þrýstingur er ekki góður og dæligeta lítil.
- Við komu á vettvang er mikilvægt að gefa komuskýrslu í fjarskipti, hvað sér flugvallarstarfsmaður sem fer á vettvang, reykur, eldur, margir eða fáir slasaðir o.s.frv.
- Nota léttvatn.
- Þakkað fyrir góða æfingu.
- Þakkað fyrir gestrisni og góðar veitingar.

### 3.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum. Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er hún eftirfarandi.

#### **Bjarni K. Kristjánsson Slysavarnafélagið Landsbjörg**

Mér fannst undirbúningurinn mjög góður, sérstaklega fyrir það björgunarlið sem þarna var. Björgunarsveitin hittist lítið og tekur lítið af námskeiðum, því er svona fræðsla enn frekar nauðsynleg.

Mér fannst umfjöllun um talstöðvar ekki góð (kannski vegna þess að sá sem ætlaði að fræða mætti ekki) þar hefði mátt fara í grunnnotkun TETRA fjarskipta.

Heilt yfir gekk æfingin mjög vel. Mér fannst samvinna hópsins sérstaklega ganga vel. Sjúklingar og förðun þeirra var mjög flott. Sniðugt að vera með hátalara á dúkkunni. Spurning hvort að svona hátalarar mættu vera á leikurunum líka. Gott að fá björgunarsveitarmenn til að keyra sjúkrabíl.

1 - Það hefði mátt huga betur að öryggismálum, þ.e. eigin öryggi þátttakenda.

2 - Það er nauðsynlegt að einhver taki stjórn á vettvangi og skipuleggi störf þar. Það hefði mögulega mátt vinna betur í þessu í undirbúningnum.

3 - Það hefði verið gott ef vettvangsstjórnin hefði komið inn fyrr og þannig tekið betur þátt í aðgerðinni og betur geta haft stjórn á málum. Hann hefði mátt fara strax á vettvanginn.

4 - Fjarskipti frá flugstöð voru oft löng og ýtarleg og líkleg til þess að rugla AST við að fá yfirsýn yfir stöðu mála.

5 - Aðgangur að vatni og geta til þess að slökkva var alls ekki nógu góð.

6 - Dálítið af björgunarmönnum voru ómerktir og það, með alla ráðgjafana á röltinu líka, gerði það ekki alveg ljóst hverjir voru í björgunarliðinu.

7 - Það var ekki ljóst þegar björgunarlið mætti á svæðið að bíll, með sjúklingum, væri hluti af æfingunni.

8 - Það hefði verið betra ef að fleiri björgunarsveitir, Hólmavík og Drangnes, hefðu verið þátttakendur í æfingunni. Það er verkefni að reyna að auka virkni á svæðinu.

Það er mikilvægt að æfingunni verði fylgt eftir, sérstaklega hvað kemur að því að bjóða þessum fámennu sveitum upp á skipulagða fræðslu.

**Einar Þór Strand            Slysavarnafélagið Landsbjörg**

Að fræðslan var aðlöguð aðstæðum á staðnum og því hvernig þessi fámenna einangraða byggð þarf að standa á eigin fótum þegar eitthvað gerist.

Það sem mátti fara betur í undirbúning er kannski helst að það þarf að aðstoða við að gera slökkvibíl sveitarfélagsins útkallshæfan og að bæta búnað til fyrstu viðbragða ekki bara í slysum heldur líka í veikindum. Þetta fellur vissulega utan þessarar æfingar en er samt gott að eiga skriflegt.

Þarna unnu allir vel saman þó kannski hafi ekki verið skipað í öll hlutverk þá breytti það ekki öllu. Kannski má segja æfingin hafi gengið betur en margar stærri.

Það þarf að gera eitthvað í sambandi við áfyllingu á vatni á flugvallar slökkvibílinn og síðan sem ég sagði að ofan.

Varðandi slökkvibíl sveitarfélagsins þá ætla ég að fylgja því eftir og þá helst í samvinnu við Láka.

**Þorlákur Snær Helgason            Isavia**

Fræðsla um flugvélaþekkingu og aðkomu að flugslysi fyrir slökkvilið á Hólmarvík og flugvallarstarfsmenn á Gjögur gekk vel og voru mættir um 12 einstaklingar á það.

Samstarf allra á æfinguni gekk mjög vel.

Góð aðkomu lýsing frá starfsmann flugvallar.

Flugvallarstarfsmaður hafði geta skannað svæði betur hvar fórnarlömb væru til að byrja að slökkva í eldinum sem var að ógna einstaklingi. Það þarf að fara að skoða, hversu oft æfingar með eldi eru gerðar á landsbyggðaflugvöllum. Einstaklingar eru ööryggir við að slökkvaelda og gleyma að nota léttvatn þar sem það má aldrei æfa með það.

**Björgvin Sólberg            Isavia**

Áhugi frá þátttakendum, hjálpssemi heimamanna.

Í aðdraganda æfingar hefði mátt virkja betur samtalið við heimamenn varðandi hvað okkur hefði vantað. T.d. frekari eldsmat, bílhræ o.s.frv. Sem kom í ljós að hefðu verið hægt að græja hefðu menn verið upplýstir betur.

Vel gert árvirkni þátttakenda og yfirvegun.

Tækjabúnaður sem heimamenn hafa yfir að ráða er náttúrulega fyrir neðan allar hellur og mætti ríki og hreppurinn taka það til sín að bæta úr, ekki bara til að tryggja öryggi flugs á Gjögri heldur líka tryggja öryggi íbúa í hreppnum.

Vigdís, Sigrún og leikarar fá sérlegt hrós. Það sést vel að það er mikil fagmennska og reynsla á bakvið þetta teymi og það smitast út í hópinn á jákvæðan hátt.

## **Sólrun Rúnarsdóttir Heilbrigðisþjónusta - Samhæfingarstöð**

Var ekki undirbúningur innan SST.

Fjarskipti gengu vel, Samskipti innan SST gengu vel.

Hefði þurft að koma betri áverkalýsingar og þá skv. áverkamati. Velti fyrir mér hvort viðbragðsaðilar á staðnum séu að nota bráðaflokkun og áverkamat. Skiptir miklu máli í nákvæmni á greiningu sjúklinga að nota áverkamat.

## **Sigrún Guðný Heilbrigðisþjónusta**

Gekk mjög vel að ná í og hafa samskipti við tengilið heilbrigðisstarfsfólks. Viðkomandi hélt vel utan um allt upplýsingarflæði.

Bráðaflokkun var framkvæmd og niðurstöðum skilað til sjúkraflutningsmanns sem var fyrst á staðinn og niðurstöðum komið áfram inn í kerfið. Aðhlyningarstjóri tók stjórnina og hafði góða yfirsýn yfir slasaða. Sett var upp plan (fyrst að safna öllum saman á slysaða) og flytja á SSS. Mannskapur sem var á staðnum stóð sig ótrúlega vel að hjálpast að og sinna slösuðum. Á SSS var haldið áfram að ná yfirsýn yfir slasaða og upplýsingar um ástand þeirra voru gefnar upp.

Til fyrirmyndar hefði verið að einhver á vettvangi hefði tekið smá stjórn þar til vettvangstjórinn kom þ.e. lögreglan. En í raun þá rann þetta nokkuð vel þ.e. þeir sem mættu á staðinn gerðu það sem þurfti að gera og aðhlyningarstjórinn tók stjórnina þegar hann kom.

Þegar ""kerfið"" er ekki stærra en þarna þarf AST og SST að vera meðvituð um það hve fámennt er og hve hver mínúta er mikilvæg fyrir þá sem eru á vettvang. Þau eru stoðkerfi fyrir þá sem vinna á vettvangi.

Ákveðið var að vinna á Blár 4-0 og ekki komin nein tilkynning að víkka út kerfið. Aðhlyningarstjórinn og vettvangstjórinn voru einu stjórnendur á staðnum (aðeins 1 heilbrigðismenntaður fyrir utan aðhlyningarstjórnann) sem hafði nóg að gera (aðeins einn annar heilbrigðismenntaður að sinna 5 slösuðum). Það er ekki sjálfgefið að aðhlyningarstjóri (sérstaklega ekki í litlu samfélagi út á landi þar sem þetta getur verið óheilbrigðis menntaður aðili) viti að samskipti við SST fari fram á öðrum talhóp eins og alltaf þarf AST að taka það fram ef einhver stjórnenda á að færa sig um talhóp, meðan notast er við Blár 4-0 ætti SST að hlusta á 4-0.

Það sem kom upp er að aðhlyningarstjóri var búin að ganga hringinn á alla sjúklinga og gefa upp áverkalýsingu á Blár 4-0 þegar hann var búinn var hann beðinn um að fara yfir á Blár 4-5 og þurfti þá að endurtaka þessar upplýsingar aftur fyrir SST (þarna fór tími í þetta sem hefði átt í raun að vera í að stjórna inngrípum hjá slösuðum)."

Samræma þarf betur hópslysaáætlun fyrir Vestfirðina og flugslysaáætlunina. Í dreifbýlu samfélagi sem þessu þarf t.d. að vera betri upplýsingar um búnað sem hægt er að benda þeim á staðnum að sé til t.d. kerran á flugvellingum.

## **Pórný Þórðardóttir    Almannaþingin**

Þar sem æfingin átti að vera í vor og fræðsla var þá, hefði mátt skerpa aðeins á því dagana á undan. Alltaf gott að fá smá upprifjun.

Samvinna heimamann sem sýndu áhuga og tóku allir þátt. Í AST var það sama, yfirvegun og mörg útfærsluatriði rædd.

Þar sem að fyrstu viðbrögð slyss eru keyrð á heimaþingi og langt í alla aðstoð frá öðrum viðbragðsaðilum, eiga þau stórt hrós skilið að taka þátt í þessari æfingu.

## **Finnbogi Reynisson    Neyðarlínan**

Allur undirbúningur, fundir og samtal fyrir æfingu fannst mér ganga vel og ég sem er að koma að svona æfingu í fyrsta skipti fannst mér þetta mjög skilvirkt og fræðandi.

Fyrir mitt leyti gekk allur undirbúningur vel fyrir sig.

Æfingin að mér fannst ganga vel fyrir sig, ekkert eitt sem er hægt að segja að hafi gengið betur en annað en hef enga reynslu til að setja út á neitt.

Tók eftir að í nokkrum tilfellum, samt fáum, fannst mér fólk byrja að tala í Tetra áður en stöðin var búinn að gefa merki um að það megi tala, fyrsta 1 eða 2 orðin heyrðust þá ekki og þurfti að endurtaka uppkall. Þetta var í upphafi æfingar og því kannski eðlilega stress í gangi en þetta lagaðist mikið þegar leið á og fólk orðið öruggara með sig í sínu hlutverki.

Bara takk fyrir mig, þetta var mjög fræðandi og gaman að fá að taka þátt og sjá hvernig viðbrögð við svona atburði fer fram, mér finnst frábært hvað heimamenn voru tilbúnir í þetta og áhugasamir, greinilega gott samfélag sem býr þarna.

## **Aðalbjörn Tryggvason Isavia vettvangur**

Allt gekk vel að mínu mati.

Hefði verið gaman að hafa aðeins meiri vettvang.

Slökkvistarf gekk vel þar til bíllinn tæmdist og þá var ekki hægt að fylla hann að nýju.

Vatnsöflun vandamál sem þarf að leysa fyrir völlinn.

### **3.2.1 Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa**

Í smáu samfélagi þá er ekki alltaf hægt að útvega leikara. Að þessu sinni var komið með leikara frá höfuðborginni. En „flugstjórinn“ er tengdur Víganesi á Ströndum og var því fenginn í verkið ásamt þremur unglingum. Einnig voru nýttar dúkkur í ákveðin hlutverk.

Vel var hugsað um líðan leikara og tekið sérstaklega fram hve sálræn aðhlyning hefði verið góð. Huga þarf að kulda og ofkælingu sem fyrst og láta teppi á alla aðila og einangra sem mest frá jörðu ef hægt er.

### 3.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

#### 3.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku átta þátttakendur þátt í rýni.

#### 3.3.2 Það sem vel var gert

##### 3.3.2.1 Undirbúningur æfingar

- Sábf kynningarfundurinn var mjög upplýsandi.
- Mér fannst allt ganga vel. Við sem skipuðum AST höfum öll fengið þjálfun og nú síðast í vor þegar hópslysæfing var haldin í Öfundarfirði. Þannig að það var óþarfi að vera með námskeið fyrir okkur af þessu tilefni.
- Undirbúningur, fræðsla og fundir gengu vel.
- Þau erindi sem ég sá, voru fræðandi og góð til upprifjunar á öðrum námskeiðum sem ég hef settið
- Já
- 3, gekk vel góð fræðsla og upprifjun
- Flest allt
- "mjög vel skipulagt"
- Skiljanlegt og góða fræðslu
- Margar sérfræðingar á staðnum og allir tilbúin að kenna
- Mér fannst allt ganga mjög vel

##### 3.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

- Flæði æfingar gekk vel
- Mér fannst fjarskiptin, sem oft hefur verið vandamál, ganga mjög vel. Vorum bara með Blár 4-0 sem kom vel út þar sem ekki voru margir með Tetrastöðvar á staðnum. Fjarskipti við VST og SST gekk mjög vel. Í aðgerðastjórn vorum við tveir frá lögreglunni, ég, Ingvar Jakobsson, aðalvarðstjóri, Sigurður A Jónsson frá slökkviliði Ísafjarðarbæjar og tveir fulltrúar frá svæðisstjórn á svæði 7, þeir Eggert Stefánsson og Halldór Óli Hjálmarsson. Forföll voru frá RKÍ og HVEST.
- Æfingin gekk vel
- Samvinnan þegar maður var búinn að átta sig á stöðunni
- Gekk mjög vel
- Allt nema talningin
- Ráðgjöf
- Skipulag
- framkvæma sem hefur verið fara yfir á fundinum

- Tel að þetta hafi gengið yfirleitt mjög vel

### 3.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

#### 3.3.3.1 *Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar*

- Hef ekkert að segja hér
- Ekkert sem ég kom auga á.
- ekkert sem ég sé.
- Vettvangsstjórn heimamanna hefði mátt verið skipulagðari, ég hefði mátt vera betur búinn.
- Ekkert
- Ekkert sem ég veit um
- Skilaboð um fræðsla fyrir heilbrigðisstarfsfólk kom með stuttu fyrirvara. Skilaboð frá yfirmaður HVE til starfsfólk skilaði sér ekki eða mjög seint/stuttur fyrirvara til þess að geta mætt á fund.
- þetta var mjög góð fræðsla.

#### 3.3.3.2 *Það sem betur mátti fara á æfingunni*

- Smitvarnir (einnota hanskar) og persónulegar varnir (Hjálmar)
- Þar sem viðbragð frá viðbragðsaðilum, s.s. lögreglu, sjúkraflutningum, björgunarsveitum, slökkviliði frá Drangnesi, Hólmavík og Reykhólasveit myndi aldrei vera komið á Gjögurflugvöll fyrr en a m k ein klukkustund er liðin frá útkallinu, í fyrsta lagi (ef það er fært landleiðina) finnst mér mikilvægt að það fái heimafólk (15 manns eða svo) eigi að fá tækifæri til að æfa sameiginlegt viðbragð, án þess að "truflun" yrði af aðkomu frekari aðstoðar, sem aldrei yrði í raunveruleikanum vegna landfræðilegra aðstæðna. Ég vissi það ekki fyrr en eftir æfinguna (í raun í dag mánudaginn 2. sept) að sjúkraflutningafólk frá Hólmavík hafi tekið yfir sinn hluta á vettvangi og heimafólkið verið áhorfendur eða þátttakendur en ekki stjórnendur hvað varðar sinn verkþátt. Mér þykir það miður, því raunveruleikinn er og verður ekki sá. Ég hefði gefið einkunina 10 hér að neðan ef þessi þáttur hefði mætt meira á heimafólkinu. En verð að gefa einkunina 8. [Heimafólk sá um vettvang en áhöfn á sjúkrabíl tóku að sér söfnunarsvæði slasaðra]
- Það hefði mátt reyna meira á heimamenn. Þau á sjúkrabílnum frá Hólmavík tóku strax að sér vettvangsstjórn á vettvangi sem er ekki raunhæft. [Heimafólk sinnti fyrsta viðbragði og síðar í sameiningu við sjúkrabíl á SSS].
- Ekkert
- Talningin
- Bæta betra Tetra samband úti á flugvöllinn á Gjögur.
- Alltaf má gera betur en er ekkert með neitt í huga sem hefði mátt gera betur.

#### 3.3.3.3 *Annað sem þú vilt taka fram.*

- Vil geta þess að fyrir hefur legið hjá almannavarnadeild RLS beiðni frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum um að viðbragðsaðilar á Drangnesi, Hólmavík og Reykhólum, þ.e.a.s. björgunarsveitafólk, slökkviliðsmenn og lögreglumenn fái viðeigandi námskeið til að sinna hlutverki vettvangsstjórnar og fái síðan tækifæri til að æfa sameiginlegt viðbragð við hópslysi, sem hugsa megi að verði öðru hvoru megin við Þröskulda. En þessir viðbragðsaðilar hafa ekki

fengið tækifæri til að æfa sameiginlegt viðbragð. Til er hópslysaáætlun fyrir Vestfirði og hún myndi eiga við þetta svæði líka, Strandasýslu og Reykhólahrepp.

- En engu að síður er ég þakklátur fyrir þetta tækifæri og færi ráðgjöfum og undirbúningshópi mínar bestu þakkir.
- Hefði mátt reyna meira á heimamenn.
- Neibb
- Takk fyrir okkur, þetta var frábært og mikilvæg æfing - sérstaklega á stað sem búa ekki margir!
- Bara takk fyrir góða æfingu ég hafði mikið gagn af henni þar sem ég hafði ekki tekið þátt áður.

#### 3.3.3.4 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 8,88 af 10.

## 4 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

### 4.1 Styrkur

- Áhugi heimafólks á fræðslu og æfingu.
- Góð þátttaka í fræðslu á vegum æfingarinnar bæði fjar- og staðfræðslu.
- Skýr upplýsingamiðlun frá starfsmanni í turni.
- Sjúkraflutningafólk nýtt í aðhlyningu og fengnir aðrir bílstjórar.
- Góður sálrænn stuðningur við þolendur.
- Góð samvinna aðila á vettvangi við krefjandi aðstæður.

### 4.2 Umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
Námskeið í Vettvangsstjórnun f. viðbragðsaðila og hópslysaæfingu öðru hvoru við Þröskulda.	Almannavarnir
Fámenni og stuðningur AST og SST því enn mikilvægari. Ekki endilega hægt að nýta alla talhópa þar sem talstöðvar eru af skorum skammti.	AST / SST
Bæta Tetra samband við flugvöllinn	Isavia / Neyðarlínan
Vatnsbirgðir af skorum skammti, fara yfir síur og búnað	Isavia flugvallarþjónusta Gjögur
Vatnsbirgðir af skorum skammti, fara yfir aðstæður og dælibúnað	Isavia umdæmisstjóri
Slökkviæfingar með léttvatn á landsbyggðarvöllum – efla	Isavia umdæmisstjóri
Efla virkni viðbragðsaðila á svæðinu frá Hólmavík og norður	Lögreglan á Vestfjörðum
Samræma betur hópslysaáætlun og flugslysaáætlun fyrir Vestfirði	Lögreglan á Vestfjörðum
Tetrafjarskipti fræðsla var ekki nægjanlega góð	Neyðarlínan
Gera þarf slökkvibíl sveitarfélagsins útkallshæfan	Slökkvilið
Tækjabúnaður viðbragðsaðila mætti efla	Viðbragðsaðilar
Áverkamat sé framkvæmt ef hægt er (tekur við af bráðaflokkun)	Viðbragðsaðilar
Huga að því að leggja bílum til hliðar við SLY ef nýta þarf flugbraut	Viðbragðsaðilar / Íbúar
Setja teppi strax á þolendur eða aðra einangrun og undirlag	Viðbragðsaðilar / Íbúar
Verklag: Látnir eru skildir eftir á SLY vegna rannsóknarhagsmuna	Viðbragðsaðilar / Íbúar
Mikilvægt að einhver taki að sér stjórn á SLY (slysavettvangi)	Viðbragðsaðilar / Íbúar
Muna að tryggja eigið öryggi – hanskar, gleraugu o.s.frv.	Viðbragðsaðilar / Íbúar
Námskeið í Vettvangsstjórnun f. viðbragðsaðila og hópslysaæfingu öðru hvoru við Þröskulda.	Almannavarnir
Fámenni og stuðningur AST og SST því enn mikilvægari. Ekki endilega hægt að nýta alla talhópa þar sem talstöðvar eru af skorum skammti.	AST / SST
Bæta Tetra samband við flugvöllinn	Isavia / Neyðarlínan

## 5 Myndir frá æfingunni



Fleiri myndir má finna á Facebook síðunni „Flugslysæfingar“.